

# Viðbrögð við athugasemdum við skýrslu Hagfræðistofnunar um þjóðhagsleg áhrif hvalveiða

Skýrsla Hagfræðistofnunar um þjóðhagsleg áhrif hvalveiða hefur vakið töluverð viðbrögð. Aðfinnslur eru af ýmsu tagi. Því er haldið fram orð skýrslunnar séu byggð á misskilningi, ályktanir séu beinlínis rangar og að rangt sé farið með tölur. Kvartað er undan umfjöllun um umhverfissamtök. Einnig er rætt um að áherslur skýrslunnar og aðferðir séu ekki réttar. Aðeins sé gerð grein fyrir mati Hafrannsóknastofnunar á áhrifum hvala í vistkerfinu, en viðhorf annarra líffræðinga séu ekki reifuð. Ekki sé fjallað að neinu ráði um markaði fyrir hvalkjöt og ekkert komi fram um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands erlendis. Þá er bent á að eiginlegt kostnaðar- og ábatamat vanti í skýrsluna.

Hér á eftir verður farið yfir aðfinnslur sem mest hefur borið á í fjölmiðlum og víðar.

## 1) Réttar upplýsingar eða rangar, framsetning

- Í skýrslunni er rætt um áhrif hvalveiða á fiskafla á þeirri forsendu að veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar miði að því að hvalastofnar fari niður í 60% af því sem ella væri. Þetta er sett í samband við át hvalanna á fiski - hvalveiðar geti orðið til þess að fiskafli landsmanna aukist svo að um muni.

Í hádegisfréttum Ríkisútvarps 17. janúar var í fyrstu frétt rætt við sviðsstjóra botnsjárlífrikis hjá Hafrannsóknastofnun. Í inngangi fréttarinnar segir:

*Veiða þyrfti tíu sinnum meiri hval ef stækka ætti fiskistofna. Þetta segir sviðsstjóri botnsjárlífrikis hjá Hafrannsóknastofnun. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands segir að fjörutíu prósent fækkun hvala skili því að útflutningsverðmæti aukist um tugi milljarða.*

Sviðsstjórinn sagði síðan meðal annars:

*„Ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar um hvalveiðar byggir á nálgunum Alþjóðahvalveiðiráðsins sem gengur út á það að ganga ekki mjög mikið á hvalastofnana, þannig að þeir séu nálægt upprunaleg stærð. Til þess að hafa áhrif á afrán hvala á fiskistofnun þá þyrfti líklega að veiða margfalt meira en það sem er verið að ráðleggja.“*

En í skýrslu Gísla Víkingssonar, yfirmanns hvalarannsóknna hjá Hafrannsóknastofnun, sem hann gerði sérstaklega fyrir úttekt Hagfræðistofnunar í sumar, segir:

*Aflamark er reiknað samkvæmt RMP veiðistjórnunarkerfi Alþjóðahvalveiðiráðsins sem miðar að því að halda hvalastofnunum í 60% af hámarksstærð...<sup>1</sup>*

Þessi orð ættu að taka af vafa um það að hverju er stefnt með veiðiráðgjöfinni.

---

<sup>1</sup> Gísli Víkingsson (2018), Um afrán hvala við Ísland, greinargerð á vef stjórnarráðsins, <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7321ce12-19ac-11e9-942f-005056bc4d74>

Annað mál er hvaða áhrif veiðin hefur í reynd. Fyrirvarar um það eru margir í skýrslu Hagfræðistofnunar. Meðal annars segir um mat á stofnstærð hvalastofna á í kafla 2.5, *Stjórn hvalveiða*, blaðsíðu 14:

*Varúðarsjónarmiðið...ætti að draga úr líkum á að veiðialag færi hvalastofna niður í 60% af upprunalegri stærð...Það gerir í raun ólíklegt að stofnar séu veiddir niður í 60% af hámarksstærð þó að veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sé ætíð fylgt.*

Þá segir í kafla 4.3.1. *Beint afrán langreyðar*, bls. 31-32:

*Út frá nýju mati á stofnstærð og á fæðusamsetningu langreyðar er hægt að leggja mat á fjárhagsleg áhrif beins afráns út frá þeirri forsendu að stofnarnir séu veiddir niður í 60% af hámarksstærð. Veruleg óvissa ríkir um hvað það gerist á löngum tíma og jafnvel hvort veiðar nái stofninum nokkurn tímann niður í 60% af hámarksstærð.*

Í 6. kafla, *Niðurstöðum*, segir á blaðsíðu 46:

*Við matið er varúðarsjónarmið haft að leiðarljósi. Varúðarsjónarmið kunna að verða til þess, með öðru, að of lítið verði veitt úr stofnunum til þess að veiðin hafi áhrif á þá. Ef veiðin er minni en ráðlagt er gæti hún líka haft lítil sem engin áhrif á fjölda hvala.*

Orð sviðstjórans voru í hádegisfréttum Ríkisútvarps 17. janúar og í Kastljósi um kvöldið túlkuð sem viðbrögð Hafrannsóknastofnunar við greinargerð Hagfræðistofnunar. Daginn eftir setti Hafrannsóknastofnun yfirlýsingu á heimasíðu sína. Þar var farið yfir nokkur atriði úr skýrslu Gísla Víkingssonar til Hagfræðistofnunar frá í sumar. Niðurlagið hljóðaði svo: „Miðað við það sem að ofan greinir er því ekki hægt að fullyrða að verulega þurfi að auka veiðar á hvöllum til að þær hafi áhrif á afrakstur annarra nytjastofna sjávar til lengri tíma lítið.“

- Í skýrslunni er rætt um stöðu hvala á válistum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) og Náttúrufræðistofnunar (bls. 18-20).

Náttúrufræðistofnun birti yfirlýsingu á heimasíðu sinni, sem sagt var frá í morgunfréttum Ríkisútvarpsins 23. janúar undir yfirskriftinni: *Hagfræðingar misskilja stöðu hvala á válista*. Fréttin hefst á þessum orðum:

*Nokkurs misskilnings gætir um stöðu hvala á válistum hér við land og á heimsvísu í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um þjóðhagsleg áhrif hvalveiða. Á þetta er bent í grein sem Náttúrufræðistofnun Íslands birti á vef sínum í gær, þar sem rakin eru tvö dæmi um þetta í skýrslu Hagfræðistofnunar, annars vegar um búrhvali og hins vegar langreyði.*

Í grein á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar segir meðal annars:

*Búrhvalur er metinn í nokkurri hættu (VU) á heimslista IUCN en á svæðisbundnum **válista fyrir íslensk spendýr**, sem unninn var í samvinnu við sérfræðinga Hafrannsóknarstofnunar, er **tegundin** í flokknum gögn vantar (DD). Samkvæmt umfjöllun um tegundina í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands má skilja að*

*tegundin sé ekki í hættu og veiðar á henni því ákjósanlegar. Sú er ekki raunin heldur skortir gögn til að unnt sé að meta ástand stofnsins við Ísland með vissu.<sup>2</sup>*

Tafla 7 á bls. 19 í skýrslu Hagfræðistofnunar lýsir mati IUCN og Náttúrufræðistofnunar á stöðu búrhvals og annarra hvalastofna - réttilega, að því er best verður séð. Búrhvalur er sagður „í viðkvæmri stöðu“ (e. vulnerable, á lista IUCN) og „gögn vantar“ (á lista Náttúrufræðistofnunar). Í texta, sömuleiðis á bls. 19 í skýrslu Hagfræðistofnunar, kemur fram að samkvæmt lista IUCN séu búrhvalur, langreyður og hnúfubakur ekki í útrýmingarhættu (e. endangered), eins og steypireyður. Þarna er vísað til flokkunarinnar sem sýnd er í töflu 7. Hvergi annars staðar er í skýrslunni rætt um hættu sem steðjar að búrhvölum og hvergi er því haldið fram að veiðar á þeim séu ákjósanlegar. Tafla 9, bls. 25, sýnir að tölur um fjölda búrhvala við Ísland hafa hækkað mikið, en þær koma frá Hafrannsóknastofnun. Aðferðum við að telja búrhvali hefur fleygt fram, en það torveldar talninguna að búrhvalir eru lengi í kafi (sjá blaðsíðu 24 í skýrslu Hagfræðistofnunar). Í niðurstöðukafla skýrslunnar, blaðsíðu 47, segir að eðlilegt sé að búrhvalur sé skilgreindur sem nytjastofn, en frumkvæði að því kemur frá stjórnvöldum. Það þýðir ekki að veiðar hefjist, heldur að Hafrannsóknastofnun meti veiðipól stofnsins. Slíkt mat tekur nokkur ár.

Þá er í yfirlýsingu Náttúrufræðistofnunar vitnað í þau orð í skýrslu Hagfræðistofnunar að verðmæti fiskafla Íslendinga gæti aukist um á annan tug milljarða króna á ári ef stofnar hrefnu og langreyðar væru 40% minni. Síðan segir: „Náttúrufræðistofnun Íslands vekur athygli á því að fækkun af þeirri stærðargráðu sem hér er nefnd, myndi breyta stöðu langreyðar á válista og tegundin yrði metin í hættuflokk við Ísland. Til að setja hlutföllin í tölulegt samhengi þá þýðir framangreint að veidd yrðu allt að 16.000 dýr.“ Hér greinir Náttúrufræðistofnun á við vísindamenn Hafrannsóknastofnunar um áhrif þess að veiða hvali í samræmi við ráðgjöf hennar.

- Í skýrslunni er fjallað um hvalaskoðun, einkum í kafla 3.2, *Afkoma af hvalaskoðun*, bls. 20-22.

Hvalaskoðun hefur orðið blómlegur atvinnuvegur hér á landi á seinni árum. Í skýrslunni er gerð grein fyrir fyrirtækjum í greininni og umsvifum þeirra, fjölda báta, tekjum, afkomu, heildarlaunagreiðslum og launum á ársverk. Formælendur Hvalaskoðunarsamtaka Íslands hafa haldið því fram, meðal annars í Kastljósi 17. janúar, að rangt sé farið með tölur um laun og fleira í skýrslunni, og að ekki hafi verið haft samband við hvalaskoðunarfyrirtæki við gerð hennar.

Í frétt Ríkisútvarpsins 24. janúar segir:

---

<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnun (2019). Um þjóðhagsleg áhrif hvalveiða og stöðu hvala á válista, frétt á vef Náttúrufræðistofnunar, <https://www.ni.is/frettir>

*Hagfræðistofnun virðist ekki hafa haft samband við hvalaskoðunarfyrirtæki við gerð skýrslu sinnar um hvalveiðar, þótt öðru sé haldið fram í skýrslunni. Þetta segir ... markaðsstjóri hjá hvalaskoðuninni við Hauganes í Eyjafirði....*

*Kannast sem sagt ykkar atvinnuvegur, ykkar bransi, ekki við það að það hafi verið haft samráð við einn einasta mann?*

*„Nei, nei, ekki svo ég viti til og ég hef talað við Rannveigu í Eldingu og fleiri af stærstu aðilum hérna í þessum bransa hjá okkur og það kannast enginn við að hafa fengið símtal eða farið í viðtal. En samt er svona gefið í skyn í skýrslunni og strax í inngangi að það hafi verið haft samband við alla aðila...“*

Töluverð vinna var lögð í að afla gagna um sem flest hvalaskoðunarfyrirtæki við gerð skýrslunnar. Ársreikninga fyrirtækjanna var aflað hjá ríkisskattstjóra. Ekki hefur verið fundið að lista yfir hvalaskoðunarfyrirtæki, sem birtur er í skýrslunni, og tölur um veltu þeirra árið 2017 passa við upplýsingar Samtaka ferðapjónustunnar.<sup>3</sup> Tölur um laun á starfsmann eru fengnar með því að deila í tölur um laun og tengd gjöld með fjölda ársverka, hvort tveggja úr ársreikningum, og draga frá áætluð launatengd gjöld. Sama aðferð var notuð til þess að reikna meðallaun hjá Hval hf. Villur geta bæði verið í tölum um laun og ársverk, en oftast eru skjalfestar heimildir eins og ársreikningar teknar fram yfir aðrar. Að sjálfsögðu geta starfsmenn Hagfræðistofnunar reiknað rangt, en snögg athugun bendir ekki til þess að miklu skeiki. Rætt var við starfsmenn sjö hvalaskoðunarfyrirtækja, flesta í síma, en aðalhöfundur gerði sér einnig ferð niður að Reykjavíkurböfn og ræddi við starfsmenn hvalaskoðunarfyrirtækja þar.<sup>4</sup> Markmið samtalanna var að fá upplýsingar, til dæmis um hvaða hvalaskoðunarfyrirtæki störfuðu á svæðinu, fjölda báta, aðsókn og fleira, en ekki að ræða afstöðu til hvalveiða. Talað var við þann sem svaraði í símann, en ekki beðið um framkvæmdastjóra.

- Í skýrslunni er rætt um það þegar félagar í samtökunum Sea Shepherd sökkту tveimur bátum Hvals hf. í Reykjavíkurböfn árið 1986 (bls. 42). Fram kemur að ekki verði séð að ógn af slíkum illvirkjum sé af þeirri stærðargráðu að hún eigi að hafa áhrif á hvalveiðar Íslendinga, en bent er á að mörg lönd hafi sett sérstök lög til þess að vinna gegn uppgangi hryðjuverkasamtaka og ef til vill sé tilefni til slíkrar lagasetningar hér.

Í fréttum Ríkisútvarpsins 18. janúar er rætt við Guðmund Guðbrandsson umhverfisráðherra um skýrslu Hagfræðistofnunar. Þar segir hann meðal annars:

*„[Ég] furða ... mig á umfjöllun um náttúruverndarsamtök í þessari skýrslu þar sem þeim er líkt við hryðjuverkasamtök. Ég skil ekki alveg hvaða erindi það á inn í þessa skýrslu, hvað er þar að baki...“*

<sup>3</sup> Samtal Vilborgar Júlíusdóttur, starfsmanns samtakanna við Oddgeir Ottesen og Sigurð Jóhannesson 16. janúar 2019.

<sup>4</sup> Samkvæmt yfirliti um símtöl úr farsíma Oddgeirs Ottesens ræddi hann við starfsmenn sex hvalaskoðunarfyrirtækja, en símtölin kunna að hafa verið fleiri.

Aðrir tóku undir þetta, til dæmis segir í ályktun Landverndar 21. janúar að „fráleitt [sé] spyrða saman náttúruverndarsamtök og hryðjuverk almennt.“

Hvergi er náttúruverndarsamtökum líkt við hryðjuverkasamtök í skýrslunni, hvað þá að slík samtök séu almennt spyrð við hryðjuverk. Umræða um skemmdarverk er einskorðuð við Sea Shepherd. Erfitt er að ræða um viðbrögð við hvalveiðum Íslendinga án þess að minnst á spellvirki þeirra og ræða líkur á að eitthvað slíkt endurtaki sig. Sea Shepherd eru ekki venjuleg náttúruverndarsamtök og Landvernd og önnur slík félög eiga ekki að taka aðfinnslur um Sea Shepherd til sín. Hitt er annað mál að sennilega er of löngu máli eytt í þetta mál í skýrslunni miðað við hættuna sem af slíkum ógnarverkum stafar (tæpri blaðsíðu) og óþarft að nefna lagasetningu í því sambandi (reyndar er ekki rætt um að setja „hryðjuverkalög á náttúruverndarsamtök“, eins og komið hefur fram í fréttum).

Stutt er frá því að myndin *Kona fer í stríð* hlaut mikla aðsókn í kvikmyndahúsum. Hún segir frá konu nokkurri sem vinnur skemmdir á rafmagnslínunum og rafmagnsstaurum. Myndin er fyrst og fremst skemmtun, þó að umhverfismál komi við sögu. Vinsældir myndarinnar kunna að verða til þess að umhverfissamtök séu viðkvæm fyrir tali um hryðjuverk í nafni umhverfisverndar, en það þýðir ekki að fara megi með rangt mál.

- Í töflu 11 á blaðsíðu 29 í skýrslunni má sjá mat á áti hvala á hafsvæðinu við Ísland. Í töflu 12 má sjá hvað át hrefnu (á grunnsævi) og langreyðar á nokkrum fisktegundum mundi minnka mikið ef stofnarnir minnkuðu um 40%, en ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar er miðuð við að þeir geri það á löngum tíma. Í aftasta dálki töflunnar má sjá verðmæti fiskaflans í krónum og vitnað er í summuna í texta.

Í samtölum fjölmiðla við Gísla Víkingsson, yfirmann hvalarannsóknna á Hafrannsóknastofnun, hefur komið fram að hér sé farið lengra með mat á afráninu en stofnunin hafi viljað gera.<sup>5</sup> Það er rétt að það er mikil einföldun að gera ráð fyrir að fiskur sem hvalir éti ekki við Ísland verði sjálfkrafa að afla hjá Íslendingum. Í kynningu hafa starfsmenn Hagfræðistofnunar sagt að mat á verðmæti afla sé fremur sett fram til þess að gefa hugmynd um stærðargráðu, en að um sé að ræða eiginlega spá. Fyrirvarar um áhrif veiðanna eru skýrir í skýrslunni, eins og áður hefur verið rakið. Veiðiráðgjöf er varfærnisleg, en auk þess hefur minna verið veitt en leyft er undanfarin ár. Ekki er víst að veiðarnar hreyfi við stofnunum.

## 2) Aðferðir, áherslur

- Greining á áhrifum hvala og hvalveiða í 4. kafla skýrslunnar, *Áhrif hvala á aðra nytjastofna*, blaðsíðu 16 til 37 í skýrslunni er byggð á líkani starfsmanna Hafrannsóknastofnunar, sem sett var fram 1997, og greinargerð, *Um afrán hvala*, sem Gísli Víkingsson, yfirmaður hvalarannsóknna hjá stofnuninni, gerði sérstaklega fyrir skýrslu Hagfræðistofnunar sumarið 2018.

---

<sup>5</sup> Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2019 er farið mun skemmra með þessar tölur en í skýrslunni frá 2010, þar sem umframhagnaður af auknum fiskafla um alla framtíð er núvirtur.

Hafrannsóknastofnun hefur staðið fyrir mestu rannsóknum sem gerðar hafa verið á stöðu hvalastofna við Ísland og áhrifum þeirra á lífríkið. Mikilvægur áfangi á þeirri leið voru vísindaveiðarnar 1986 til 1989. Ágóði af þeim rann til stofnunarinnar og stóð meðal annars straum af því að hvalir við Ísland voru taldir með skipum og flugvélum. Þannig fékkst miklu betri hugmynd um fjölda hvala við landið en menn höfðu áður haft.<sup>6</sup> Talningin hefur síðan verið endurtekin um það bil sjötta hvert ár, síðast 2015-2016. Úr þessum rannsóknum komu fjölmargar vísindagreinar, þar á meðal greinar Jóhanns Sigurjónssonar og Gísla Víkingssonar um afrán hvala frá 1997, sem stuðst er við í mati á áhrifum hvalveiða á fiskveiðar í skýrslu Hagfræðistofnunar, og grein Gunnars Stefánssonar, Jóhanns Sigurjónssonar og Gísla Víkingssonar frá sama ári, sem einnig er vitnað til í skýrslunni, en þar er einfalt fjölstofnalíkan nýtt til þess að meta áhrif þriggja hvalategunda, hrefnu, langreyðar og hnúfubaks, á stofna þorsks, loðnu og rækju.

Arnpór Garðarsson prófessor emiritus gerði árið 2010 athugasemd við skýrslu Daða Más Kristóferssonar, Gunnars Haraldssonar, Kristófers Gunnlaugssonar, Ragnars Árnasonar og Sveins Agnarssonar, *Þjóðhagsleg áhrif hvalveiða*.<sup>7</sup> Hann segist að óreyndu hafa búist við að málið yrði skoðað af fræðilegu hlutleysi og að notaðar yrðu bestu heimildir og líkön. En því miður veki skýrslan helst athygli fyrir óvandaða fræðimennsku. Hún stuðli ekki að upplýstri umræðu og sé til þess fallin að skaða álit Háskóla Íslands. Arnpór segir um fræðilegar aðferðir skýrsluhöfunda:

*Fjallað er allítarlega um vistfræði hvala og hvalveiðar eins og þær koma höfundum fyrir sjónir, og eru tíndar til opinberar tölur og greinargerðir frá hvalafræðingum. Skýrsluhöfundar leggja mikla áherslu á meint afrán skíðishvala á nytjafisk og jafnstöðulíkan sem gerir ráð fyrir að með svolitlum hvalveiðum megi hafa áhrif á bolfiskstofna einhvern tíma í framtíðinni og auka þá. Hér er byggt á afránslíkani sem kynnt var fyrir alllöngu (Gunnar Stefánsson, Jóhann Sigurjónsson og Gísli A. Víkingsson, J. Northw. Atl. Fish. Sci., 22 (1997), 357-370). Líkanið er ofureinföldun sem hefur ekki hlotið stuðning og virðist óþarfi að nudda höfundum upp úr því eftir mörg ár, en skrýtið er að sjá það nú afturgengið og endurselt stjórnvöldum í hagfræðilegum umbúðum...*

Að síðustu segir Arnpór að ekki sé við hæfi að gefin séu úr fræðileg rit og skýrslur án þess að fyrir liggja gagnrýni ótengdra sérfræðinga (sjálfstætt jafningjamat).

Í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar er stuðst við sömu líkön og í skýrslunni frá 2010. Ekki kemur á óvart að fundið sé að því í ljósi viðbragða við fyrri skýrslu um sama efni. Stjórn vistfræðifélagsins brást við skýrslu Hagfræðistofnunar með grein í Fréttablaðinu 22. janúar 2019. Þar segir meðal annars:

- Byggt er á röngum, eða í besta falli ofureinfölduðum, forsendum við mat á áhrifum hvala á fiskistofna.
- Skýrslan sniðgengur nýjustu þekkingu á sviði sjávarvistfræði og byggir á mjög einfaldaðri mynd af vistfræði, vistkerfum og fæðuvefjum hafsins.
- Skýrslan er ekki ritrýnd af óháðum vistfræðingum. Höfundar

<sup>6</sup> Chistina Lockyer og Daniel Pike (ritstjórar), (2009), North Atlantic Sighings Surveys, Counting whales in the North Atlantic 1987-2001, NAMMCO Scientific Publications, vol. 7, útg. Sjávarspendýraráð Norður-Atlantshafs (e. NAMMCO).

<sup>7</sup> Arnpór Garðarsson, (2010), Athugasemdir við skýrslu Hagfræðistofnunar, Vísir, 9. apríl.

*styðjast nær eingöngu við tvær rúmlega tveggja áratuga gamlar vísindagreinar Hafrannsóknastofnunar...Skýrsluhöfundar nýta ekki nýlegar rannsóknir um áhrif hvala á vistkerfi sjávar. Rannsóknir hafa meðal annars sýnt að endurkoma hvala inn á ákveðin svæði getur haft jákvæð áhrif á frumframleiðni sem eykur frekari framleiðslugetu og fjölbreytileika innan vistkerfa. ...Forsendan sem er gefin í skýrslunni er sú að hver sá fiskur sem ekki er étinn af hval nýttist fiskveiðiflotanum. Þetta er ofureinföldun á flóknu samspili lífvera innan vistkerfis og fæðuvefjar. .... Áhrifin eru því ófyrirséð og ábyrgðarlaust að álykta að brotthvarf um 40% hvala yrði til sambærilegrar fjölgunar í nytjastofnum... Það sem þeir éta skilar sér að mestu aftur út í náttúruna t.d. í úrgangi og hræjum af dauðum dýrum.*

Hægt er að taka undir margt af því sem hér er sagt. Alveg er óvíst að allur fiskur sem hvalir éta ekki verði að afla hjá Íslendingum. Margir draga enn í efa kenningar um áhrif hvala á frumframleiðni vistkerfa,<sup>8</sup> en gagn hefði verið að umfjöllun um þær og aðrar athugasemdir líffræðinga við aðferðir Hafrannsóknastofnunar. Skýrsluhöfundar ræddu við Joe Roman, líffræðing og rannsóknadósent í Vermontháskóla, sem skoðað hefur samband hvalagengdar og framleiðni vistkerfa á strandsvæðum, og aðalhöfundur kynnti sér greinar eftir hann og aðra líffræðinga sem eru sama sinnis, þó að umræða um hugmyndir þeirra hafi ekki ratað í skýrsluna. Það er líka rétt að stuðst er við tveggja áratuga vísindagreinar starfsmanna Hafrannsóknastofnunar, ásamt nýju mati á stofnstærðum og áti hvala. Þegar nýrri eða betri nýtileg líkön skortir er fátt annað til ráða. Umfjöllun um rannsóknir í vistfræði hefði varla breytt þeirri meginniðurstöðu skýrslunnar að áhrif hvalveiða á fiskveiðar séu einhvers staðar á bilinu frá núlli upp í að vera mjög góð.

Vegna ummæla um jafningjamat er rétt að geta þess að skýrsla Hagfræðistofnunar frá 2019 var rýnd af tveim óháðum hagfræðingum.

- Í kafla um markaðsmál á blaðsíðum 18 til 20 í skýrslunni er rætt um stöðu hvala á listum um dýr í hættu en vegna hennar eru aðrir erlendir markaðir en Noregur og Japan lokaðir fyrir hvalaafurðum héðan. Langreyður var í haust færð úr „tegund í útrýmingarhættu“ í „viðkvæma stöðu“ á lista Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna, IUCN, en þungt gæti verið að færa hana af viðauka alþjóðasamnings um bann við viðskipti með dýr í útrýmingarhættu (CITES).

Fundið hefur verið að því að ekki sé fjallað um horfur á markaði fyrir hvali í Japan á komandi árum, sérstaklega í ljósi þess að Japanir séu að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni.

---

<sup>8</sup> Sjá Skýrslu vísindanefndar hvalveiðiráðsins (Report of the Scientific Committee), 2018, bls. 61: „...,it is unlikely that the ultimate goal of reliably determining the contribution of cetaceans to ecosystem functioning could be achieved in under a decade, given the complexity of the issue and the data gaps.“ og Skýrslu vísindanefndar Sjávarspendýraráðs Norður-Atlantshafs (NAMMCO), 2018 (Report of the NAMMCO Scientific Committee 25th Meeting), útdr. úr erindi Paul Wassmanns, sjávarlíffræðiþrúfessors í Tromsøháskóla, bls. 66: „...Most other marine organisms play a far greater role in ecosystem engineering than whales. The manner the engineering role of whales is published and presented leads rather to misunderstanding than insight...“

Á blaðsíðu 9 og í töflu 4, blaðsíðu 17, kemur fram að Hvalur hf. hefur aðeins veitt langreyði í 6 ár af 10 eftir að veiðar voru leyfðar 2009. Á blaðsíðu 9 segir að önnur ár hafi veiðin verið í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar eða heldur minni. Það endurspeglar líkast til ástandið á mörkuðum í Japan. Fram kemur á blaðsíðu 16 í skýrslunni að dýrt hafi verið að hefja veiðar á langreyðum eftir langt hlé. Þar kemur einnig fram að veiðar Hvals hf. hafa ekki staðið undir sér undanfarin ár. En ekki er fjallað um horfur á Japansmarkaði í skýrslunni. Fengur hefði verið að slíkri umfjöllun. Hér verður þó að hafa í huga að skýrslan er fyrst og fremst ráðgjöf til stjórnvalda. Þegar þau ákveða hvort leyfa skuli hvalveiðar skipta áhrif veiðanna á aðrar atvinnugreinar mestu máli, þar á meðal á fiskveiðar, fiskútflutning, fjölda ferðamanna og hvalaskoðun. Ef leyft er að veiða hvali er það hins vegar eigenda hvalveiðiútgerða að ákveða hvort þeir hætta fé sínu í útgerðina. Gera má ráð fyrir að greiningar á mörkuðum ráði miklu um þá ákvörðun.

- Á blaðsíðum 42- 45 er rætt um áhrif hvalveiða á annan útflutning og straum ferðamanna til landsins.

Fundið hefur verið að því að ekki sé rætt um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands í útlöndum. Markmið skýrslunnar var að meta þjóðhagsleg áhrif hvalveiða. Þess vegna var athyglin á áhrifum veiðanna á viðskiptahagsmuni landsmanna. Ímynd landsins kemur því aðeins við sögu að því leyti sem hún snertir áhuga útlendinga á íslenskum vörum og ferðalögum hingað.

- Í skýrslunni er ekki eiginleg kostnaðar- og nytjagreining eins og í skýrslu um sama efni sem gerð var 2010.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar um *þjóðhagsleg áhrif hvalveiða frá 2010* var lagt mat á hagnað af hvalveiðum Íslendinga umfram venjulega ávöxtun af áhættufé. Jafnframt núvirtu höfundar umframhagnað af fiskafla, sem þakka mætti veiðum á hval. Að dómi höfunda skýrslunnar sem út kom 2019 er of mikil óvissa um afkomu af hvalveiðum til þess að rétt sé að setja slíka greiningu fram í einni tölu. Tap hefur verið af hvalveiðum undanfarin ár, en á meðan þær eru stundaðar má álykta að útgerðarmenn vænti að minnsta kosti ekki taps af þeim þegar litið er fram á veginn. Ekki verður séð að hvalveiðar hafi teljandi áhrif á útflutningskjör í öðrum atvinnugreinum eða straum ferðamanna til landsins. Áhrif veiðanna á fiskafla eru í versta falli núll en í besta falli ríflega 200 þúsund tonn á ári í plús (sjá töflu 12 á blaðsíðu 33). Virði aflans mætti til dæmis reikna með því að kanna verð fiskkvóta á markaði. Óvissa um útkomuna veldur því að þetta er ekki gert hér.

### 3) Niðurstöður

Hagfræðistofnun verður að taka gagnrýni og læra af henni ef hún á að njóta trausts. Viðbrögðin verða að vera reist á rökum, en ekki viðleitni til þess, til dæmis, að vera eins konar meðaltal þess sem sagt er.



Ekki verður séð að stórar villur séu í skýrslu Hagfræðistofnunar, en deila má um túlkanir og framsetningu. Til dæmis má deila um hve langt er rétt að ganga í að túlka tölur Hafrannsóknastofnunar um át hvala hér við land. Sumt hefði mátt ræða betur. Fróðlegt hefði verið að heyra meira um horfur á markaði með hvalkjöt. Þá hefði verið fengur að umfjöllun um athugasemdir líffræðinga við aðferðir Hafrannsóknastofnunar. Breyttar áherslur hefðu sennilega ekki breytt meginniðurstöðum skýrslunnar. Rétt er þó að hafa í huga að skýrslan lýsir mati stofnunarinnar á áhrifum hvalveiða um þessar mundir. Matið getur breyst, til dæmis ef viðskiptalönd taka harðari afstöðu til veiðanna.

Reykjavík, 31. janúar 2019,  
Sigurður Jóhannesson.